

dóminn að aðalefninu til, en að því er snertir málskostnað í hjeraði ber samkvæmt L. 1—5—14 að dæma undirjettardóminn ómerknan, með því að upphæð málskostnaðarins ekki er tiltekin. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeraðsdómur á, að því er snertir málskostnað, að vera ómerkur, en að öðru leyti að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 37/1883.

Rjettvísinn

gegn

Haraldi Sigurðssyni.

Dómur:

Með dómi, gengnum fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu 26. maí þ. á., í máli, sem höfðað hafði verið að fyrirlagi norður- og austuramtsins gegn hinum ákærða, Haraldi Sigurðssyni, fyrir sviksamlegt athæfi, var hinn ákærði dæmdur sýkn af ákæru sóknarans í málinu, en honum þó gjört að greiða málskostnað, þar með talin varnarlaun til cand. Skapta Jósefssonar, 6 krónur.

Þessum dómi er að ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Tildrög málsins eru þau, að Árni prestur Þorsteinsson á Ríp hafði kært það, að hann einhvern sunnudag sumarið 1882 hafi fengið hinum ákærða

20 krónu pening og beðið hann að koma konum til Stefáns bónda Jónssonar í Keflavík, en á þeim bæ var hinn ákærði þá í þurrabúð. Hefur ein vinnukona nefnds prests og húsfreyja hans borið, að þær hafi heyrt prestinn biðja hinn ákærða að fá nefndum Stefáni Jónssyni 20 króna pening, er til prestsins hafði komið frá Háagerði, og að prestur hafi fengið hinum ákærða eitthvað — ekki vissu þær hvað — og ákærði tekið við einhverju og látið í vasa sinn, og að því þeim virtist í spaugi — sagt, að hann væri nú ekki farinn að skila þessu.

Hinn ákærði hefur að vísu kannast við, að presturinn síra Árni Þorsteinsson á Ríp, hafi mánudaginn 17. júlí f. á. sagt sjer frá áður nefndum 20 krónum frá Haagerði, er ættu að fara til Stefáns Jónssonar í Keflavík, og talað um að senda þær með honum, enn hann hefur stöðugt þverneitað, að hann nokkru sinni hafi tekið við þessum 20 krónum, eins og hann líka fastlega hefur neitað því, að hann hafi haft þau ummæli, er vitnin hafa borið á hann.

Það er þannig engin sönnun komin fram fyrir því, að hinn ákærði hafi tekið opt nefndar 20 krónur til flutnings, og þótt á annan bóginn nokkrar líkur sjeu fram komnar gegn hinum ákærða með framburði prestskonunnar og vinnukonunnar á Ríp, þá veikjast þær að mun af því, sem fram er komið í málinu á hinn bóginn, og ber því að dæma hinn ákærða sýknan af ákæru sóknarans í þessu máli, og virðist málskostnaður allur, þar á meðal varnarlaun í hjeraði, 6 krónur, og málsfærslulaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 krónur til hvors, eiga að lúkast af almannaþje.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vitalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Haraldur Sigurðsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin varnarlaun í hjeraði til cand. Skapta Jósefssonar, 6 kr., og málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 26. nóvembermán.

Nr. 29/1883.

V. T. Thostrup kaupmaður  
gegn

Antóníusi Jónssyni á  
Búðareyri.

Dómur:

Það hjeraðsdómmsgjörðirnar í máli þessu bera með sjer, að gagnáfrýjandinn við þinghald 15. október 1881 hefur lagt fram 2 vigtarseðla, sem ekki eru ritaðir í dómmsgjörðirnar, og ekki verður með vissu sjeð, hvort það eru sömu vigtarseðlarnir, sem gagnáfrýjandinn hefur lagt fram fyrir yfirdóminum, og í annan stað, að hann við þinghald 22. s. m. hefur lagt fram tvö blöð með árituðum 4 vitnisburðum, en þessi skjöl hvorki eru rituð í dómmsgjörðirnar, nje lögð sjerstaklega fram fyrir yfirdóminum, þá ber ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.